

Reykjavík 6. mars 2014

Nefndasvið Alþingis

**Tillaga til þingsályktunar
um áhættumat vegna ferðamennsku
(þingskjal 278 – 216.mál.)**


Umsögn Slysavarnafélagsins Landsbjargar

Slysavarnafélagið Landsbjörg tekur undir tillögu til þingsályktunar um áhættumat vegna ferðamennsku og telur hana beint framhald af og í anda þeirrar vinnu sem vinnuhópur lagði til árið 2011 og birtist í skýrslu „Öryggi á ferðamannastöðum. Stefna til 2015 – drög“.

Samhliða stórauðni markaðsstarfi og mikilli aukningu í komu ferðamanna til landsins er mikilvægt að hugað sé vandlega að öllum þeim þáttum sem snúa að öryggi þeirra hér á landi, hvort heldur er með skilgreiningu svæða sbr. tillögurnar, gerð viðbragðsáætlana eða annarrar vinnu er lítur að auknu öryggi. Þannig má koma enn frekar í veg fyrir slys og óhöpp, stytta viðbragðstíma og draga úr álagi á viðbragðsaðila.

Reykjavík 7. mars 2014

Slysavarnafélagið Landsbjörg



Lón Svánberg Hjartarson
framkvæmdastjóri